

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir

(English below)



Framtíð stafrænnar inngildingar – *Enginn verður skilinn eftir*

„Enginn verður skilinn eftir“ er leiðarstef heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, skuldbinding sem öll 191 ríki SP hafa undirgengist. Nú, þegar stafrænni þróun vindur fram af miklum hraða, reynir á þetta loforð. Tæknin veitir ýmiss konar tækifæri til að tengja saman fólk og valdefla það en um leið er mikilvægt að hafa í huga að hún skapar líka samfélagslegan ójöfnuð, dýpkar jaðarsetningu og myndar nýjar tegundir hindrana. Áhyggjur af þessum áhrifum tækninnar eru þó ekki nýjar af nálinni. Frá 1990 hafa stjórnvöld víðs vegar um heiminn rýnt í hvernig tryggja megi þátttöku allra í þessum nýja heimi tækninnar á þann hátt að enginn verði skilinn eftir.

Verkefnið felst ekki eingöngu í því að bera kennsl á þennan ójöfnuð, heldur að takast á við hann. Til þess að uppfylla fyrrgreint loforð um inngildinguna í stafrænum heimi er brýnt að rjúfa hindranir og leita lausna á þeim vanda sem upp kemur. Núna er áriðandi að sameinast um að skapa framtíð þar sem tæknin er öllum til heilla.

Stafrænn ójöfnuður

Allt frá því að Internetið varð aðgengilegt almenningi hefur það gagnast mörgu fötluðu fólki. Tæknin hefur fært því tækifæri til fjarvinnu og fjarnáms og meiri félagslegra tengsla. Hún hefur ekki síður einfaldað leiðir til að versla og sækja heilbrigðisþjónustu. Tækninni er oft hampað fyrir að brjóta niður múra og það gerir hún vissulega. Samt sem áður þarf að horfast í augu við þá staðreynd að hún á líka sinn þátt í að byggja nýja múra. Aðgengisleysi og ójöfnuður mætir nefnilega mörgu fötluðu fólki á Internetinu og sá ójöfnuður hefur mismikil áhrif eftir því hvers eðlis skerðingar fólks eru og ekki síður eftir samfélagslegum bakgrunni þess.

Rætur stafræns ójöfnuðar eru margar og teygja sig víða og hann verður ekki leystur með einföldum lausnum heldur þurfa þær að vera margskonar, rétt eins og ástæður vandans eru margskonar. Takmörkuð notkun fólks á tækninni er ekki eingöngu tilkomin vegna tæknilegra áskorana, eins og lélegrar nettengingar eða færni til þess að nýta hana. Hún verður heldur ekki útskýrð eingöngu með sálfræðilegum þáttum, eins og kvíða og forðun. Rannsóknir sýna að lítil notkun á tækni er flókið samspil félagslegra, sálfræðilegra, efnahagslegra og hagnýtra ástæðna. Þar má nefna fjárhagslega burði til að kaupa tæki, búa á vel nettengdu svæði, hafa tækifæri til að þróa hæfni sína, og tæknin sé fólki raunverulega aðgengileg. Þá hefur einnig verið fjallað um hversu neikvæð áhrif það hefur þegar lítið sem ekkert samráð er haft við fatlað fólk og samtök þess þegar kemur að hönnun tækni og stefnumótun hins opinbera. Án samráðs við fatlað fólk er erfitt að mæta þörfum þess og þannig er ójöfnuðurinn festur í sessi.

Stafrænn ójöfnuður er enn mikill og sumir fræðimenn halda því fram að hann sé jafnvel að aukast, þrátt fyrir fyrirheit alþjóðasamfélagsins og skuldbindingar á borð við samning SP um réttindi fatlaðs fólks og heimsmarkmiðin, sem leggja sérstaka áherslu á rétt til aðgengis og mikilvægi inngildingar.

Norrænt sjónarhorn

Norðurlöndin, í samvinnu við Eystrasaltsríkin, hafa lýst því yfir að stafræn inngilding sé hornsteinn stafrænnar þróunar, meðal annars í gegnum verkefni á borð við [Digital Inclusion in Action](#) og sameiginlegar yfirlýsingar ráðherra ríkjanna sem hafa stafræn mál á sinni könnu. Þar hafa þau lagt áherslu á mikilvægi stafræns læsis, færni og hæfni, sem nú þegar er talin nauðsynleg til fullgildrar þátttöku í samfélaginu. Markmið yfirlýsingarinnar eru að tryggja að allir borgarar fái tækifæri til að efla færni sína og hafi aðgang að notendavænni stafrænni þjónustu. Skilaboð þeirra eru skýr: Engan megi skilja eftir á tímum stafræns heims og yfirlýsingar þessara landa eru í samræmi við stefnu og markmið Evrópusambandsins, undir yfirskriftinni [Digital Europe](#).

Ekkert um okkur án okkar!

Stafræn inngilding er lykilþáttur í fullgildri þátttöku í samfélaginu. Fyrir fatlað fólk er hún sérstaklega mikilvæg enda opnar hún dyr að tækifærum til menntunar, atvinnu, félagslegra tengsla og opinberrar þjónustu. Einn hluti inngildingarinnar er rétturinn til að öðlast stafræna færni, sem aðeins er hægt að tryggja með inngildandi menntun og óaðgreindum samfélögum. Þegar menntun er sniðin að þörfum og reynslu fatlaðs fólks styður hún ekki eingöngu við stafræna færni, heldur einnig við sjálfræði, sjálfstæði og þátttöku. Að sama skapi er mikilvægt að viðurkenna að öll færni er aðstæðubundin og

sprettur upp úr lifandi samspili líkama, huga og umhverfis og hana má efla með æfingu. Samfélagsleg jaðarsetning, eins og skortur á tækifærum til þátttöku á vinnumarkaði, í menntakerfinu og félagslegu umhverfi, hefur neikvæð áhrif á þróun færni fólks. Þetta getur skapað vítahring, þar sem tæknifærni verður sífellt mikilvægara tól til þátttöku í samfélaginu.

Þegar tekist er á við stafrænan ójöfnuð er mikilvægt að horfa til kerfisbundinna þátta sem fatlað fólk stendur frammi fyrir, í stað þess að líta svo á að ójöfnuðinn megi rekja til persónulegra vandamála eða misbresta. Þá verður markmiðum um stafræna inngildinguna aðeins náð með þátttöku og leiðsögn fatlaðs fólks. Reynsla þess og sérfræðiþekking er mikilvægt hreyfiafl fyrir inngildandi og aðgengilega stafræna framtíð, þar sem enginn er skilinn eftir.

Heimildir og frekara lesefni

- Adam, Alison, og David Kreps. 'Disability and Discourses of Web Accessibility'. *Information, Communication & Society* 12, no. 7 (Október 2009): 1041–58. <https://doi.org/10.1080/13691180802552940>.
- Andersen, Lasse Wulff, og Louise Palludan Kampmann. 'Monitoring Digital Inclusion in the Nordic and Baltic Region'. Nordregio, 30. janúar 2024.
- European Commission. 'Digital Skills', 10. október 2024. <https://digital-strategy.ec.europa.eu/en/policies/digital-skills>
- Goggin, Gerard, Katie Ellis, and Wayne Hawkins. 'Disability at the Centre of Digital Inclusion: Assessing a New Moment in Technology and Rights'. *Communication Research and Practice* 5, no. 3 (3. júlí 2019): 290–303. <https://doi.org/10.1080/22041451.2019.1641061>
- Holstein, Ella van, Ilan Wiesel, Christine Bigby, and Brendan Gleeson. 'People with Intellectual Disability and the Digitization of Services'. *Geoforum* 119 (Febrúar 2021): 133–42. <https://doi.org/10.1016/j.geoforum.2020.12.022>
- Jaeger, Paul T. *Disability and the Internet: Confronting a Digital Divide*. Boulder;London: Lynne Rienner Publishers, 2011. <https://doi.org/10.1515/9781626371910>
- Johansson, Stefan, Jan Gulliksen, and Catharina Gustavsson. 'Disability Digital Divide: The Use of the Internet, Smartphones, Computers and Tablets among People with Disabilities in Sweden'. *Universal Access in the Information Society* 20, no. 1 (Mars 2021): 105–20. <https://doi.org/10.1007/s10209-020-00714-x>
- Nordic Co-operation. 'Common Statement on the Importance of Promoting Digital Inclusion as a Central Part of the Digital Transformation in the Nordic-Baltic Region', 26. nóvember 2021. <https://www.norden.org/en/declaration/common-statement-importance-promoting-digital-inclusion-central-part-digital>
- Selwyn, Neil. 'Reconsidering Political and Popular Understandings of the Digital Divide'. *New Media & Society* 6, no. 3 (Júní 2004): 341–62. <https://doi.org/10.1177/1461444804042519>
- UN Department of Economic and Social Affairs. 'E-Government Survey 2024: Accelerating Digital Transformation for Sustainable Development'. New York, 2024. <https://desapublications.un.org/sites/default/files/publications/2024-09/%28Web%20version%29%20E-Government%20Survey%202024%201392024.pdf>
- Wendt-Lucas, Nicola, Sigrid Jessen, og Maja Brynteson. 'National Digital Inclusion Initiatives in the Nordic and Baltic Countries'. Nordregio, 29. janúar 2024. <https://doi.org/10.6027/R2024:31403-2503>.

ENGLISH

The Future of Digital Inclusion – *Leave no one behind*

"Leave no one behind" is the foundational promise of the UN's Sustainable Development Goals, a commitment shared by all 191 UN member states. Yet, as digital transformation accelerates, this promise is being tested. While technology holds the potential to connect and empower people, it is also creating new societal imbalances, deepening the exclusion of marginalised groups and giving rise to new forms of inequality. Concerns about digital exclusion are not new. As far back as the 1990s, governments have launched initiatives hoping to ensure that citizens could participate in the new digital age, emphasising that no one should be left behind.

Today, the challenge is not just recognising these inequalities but actively addressing them. To fulfil the promise of inclusivity in a rapidly digitalising world, we must confront the barriers to digital participation, explore practical solutions, and commit to building a future where technology truly benefits everyone.

Digital inequalities

Since the Internet first became publicly accessible, it has provided significant benefits to many disabled people. It has opened doors to remote work, online education, socialising, retail, and healthcare. While technology is often celebrated for breaking down barriers, it is equally important to recognise that it can also create new ones. Depending on the type of disability and socio-economic circumstances, many disabled individuals still face significant inequalities and inaccessibility.

Digital inequalities arise from various interrelated factors and must be examined on multiple levels. Limited use of ICTs is not always due to technological issues, such as inadequate physical access or skills, nor psychological barriers like anxiety or reluctance. Instead, research highlights a complex interplay of social, psychological, economic, and practical considerations. These include financial resources to purchase devices, living in areas with reliable Internet access, opportunities to develop skills, and that technologies, software, and the Internet are truly accessible. A major challenge is the lack of involvement of disabled individuals and their organisations in designing technology and shaping policies. Without their participation, systems often fail to meet their needs, reinforcing digital inequalities.

Digital inequalities continue to persist, and some academics argue that these disparities are even widening, despite commitments from the international community and frameworks such as the Convention on the Rights of Persons with Disabilities (CRPD) and the UN's Sustainable Development Goals, which highlight the right of accessibility and importance of digital inclusion.

The Nordic Perspective

The Nordic-Baltic countries aim to prioritise digital inclusion as a cornerstone of their digital transformation, with initiatives like the [Digital Inclusion in Action](#) research project and a shared commitment by ministers of the region, who are responsible for digital affairs. They emphasise the need for digital literacy, skills, and competencies, which are now essential for full participation in society. The region aims to ensure all citizens can acquire these skills and access user-friendly digital public services. Their message is clear: no one should be left behind in the digital age, aligning closely with the EU's [Digital Europe](#) initiative.

Nothing about us without us!

Digital inclusion is a key feature of societal participation in today's world. For disabled people, it opens doors to education, employment, social connections, and access to public services. One part of digital inclusion is the right to acquire digital skills, which requires inclusive education systems and non-segregated societies. When education is tailored to the needs and experiences of disabled individuals, it supports not only digital skills, but can also support autonomy and independence, and full participation. However, it is important to recognise that all skills are situational, emerging from the continuous interaction of body, mind, and environment, and are strengthened through regular practice. Societal exclusion—such as having limited access to spaces where education, work, or socialising takes place—can restrict the development of skills and undermine confidence. This exclusion often perpetuates itself, as technological proficiency becomes increasingly necessary for engaging in community spaces and services.

To address digital inequalities, it is essential to focus on the systemic challenges disabled people face rather than framing these issues as personal shortcomings. Furthermore, true digital inclusion can only be achieved through the participation and guidance of disabled people. The lived experiences and expertise must shape the creation of inclusive and accessible digital futures, where no one is left behind.

Citation and further reading materials

- Adam, Alison, and David Kreps. 'Disability and Discourses of Web Accessibility'. *Information, Communication & Society* 12, no. 7 (October 2009): 1041–58. <https://doi.org/10.1080/13691180802552940>
- Andersen, Lasse Wulff, and Louise Palludan Kampmann. 'Monitoring Digital Inclusion in the Nordic and Baltic Region'. Nordregio, 30 January 2024.
- European Commission. 'Digital Skills', 10 October 2024. <https://digital-strategy.ec.europa.eu/en/policies/digital-skills>
- Goggin, Gerard, Katie Ellis, and Wayne Hawkins. 'Disability at the Centre of Digital Inclusion: Assessing a New Moment in Technology and Rights'. *Communication Research and Practice* 5, no. 3 (3 July 2019): 290–303. <https://doi.org/10.1080/22041451.2019.1641061>
- Holstein, Ella van, Ilan Wiesel, Christine Bigby, and Brendan Gleeson. 'People with Intellectual Disability and the Digitization of Services'. *Geoforum* 119 (February 2021): 133–42. <https://doi.org/10.1016/j.geoforum.2020.12.022>

- Jaeger, Paul T. *Disability and the Internet: Confronting a Digital Divide*. Boulder ; London: Lynne Rienner Publishers, 2011. <https://doi.org/10.1515/9781626371910>
- Johansson, Stefan, Jan Gulliksen, and Catharina Gustavsson. 'Disability Digital Divide: The Use of the Internet, Smartphones, Computers and Tablets among People with Disabilities in Sweden'. *Universal Access in the Information Society* 20, no. 1 (March 2021): 105–20. <https://doi.org/10.1007/s10209-020-00714-x>
- Nordic Co-operation. 'Common Statement on the Importance of Promoting Digital Inclusion as a Central Part of the Digital Transformation in the Nordic-Baltic Region', 26 November 2021. <https://www.norden.org/en/declaration/common-statement-importance-promoting-digital-inclusion-central-part-digital>
- Selwyn, Neil. 'Reconsidering Political and Popular Understandings of the Digital Divide'. *New Media & Society* 6, no. 3 (June 2004): 341–62. <https://doi.org/10.1177/1461444804042519>
- UN Department of Economic and Social Affairs. 'E-Government Survey 2024: Accelerating Digital Transformation for Sustainable Development'. New York, 2024. <https://desapublications.un.org/sites/default/files/publications/2024-09/%28Web%20version%29%20E-Government%20Survey%202024%201392024.pdf>
- Wendt-Lucas, Nicola, Sigrid Jessen, and Maja Brynteson. 'National Digital Inclusion Initiatives in the Nordic and Baltic Countries'. Nordregio, 29 January 2024. <https://doi.org/10.6027/R2024:31403-2503>.



Um höfundinn

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir er doktorsnemi og aðjunkt við Háskóla Íslands. Inga Björk, sem er sjálf fötluð, hefur verið áberandi í yfir áratug sem baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks og hlotið verðlaun og viðurkenningar fyrir baráttu sína fyrir mannréttindum og stafrænu aðgengi. Áður en hún hóf doktorsnám vann hún hjá Landssamtökunum Þroskahjálp, sem berjast fyrir réttindum fólks með þroskahömlun.

About the author

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir is a PhD student and an adjunct at the University of Iceland. Inga Björk, a disabled woman herself, has over a decade of experience in advocacy for disabled people, earning recognition and awards for her contributions to the field of human rights and digital accessibility. Before her PhD studies, she worked for an NGO advocating for the rights of people with intellectual disabilities.